

SAMÞYKKT um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð.

1. gr.

Borgarbyggð annast meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu á þann hátt og með þeim takmörkunum sem leiða af samþykkt þessari, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lögum um meðferð úrgangs, nr. 55/2003 og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum. Það er ákvörðun sveitarstjórnar á hverjum tíma hvernig söfnun og förgun skuli hattað en þjónustan getur verið mismunandi eftir búsetu, húsagerð o.s.frv. Fyrirtæki og stofnanir bera ábyrgð á söfnun úrgangs (þ.m.t. úrgangi frá atvinnuhúsnæði) sem hlýst af eða fylgir starfsemi þeirra og ber að skila rekstrartúrgangi til móttökustöðvar með starfsleyfi. Þeir bera allan kostnað sem af meðhöndlun þessa úrgangs hlýst.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um meðferð úrgangs, nr. 55/2003 hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs og að farið sé að samþykkt þessari.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar og förgunar úrgangs. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar Vesturlands eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

2. gr.

Íbúum í Borgarbyggð er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir við söfnun, förgun, móttöku og flokkun úrgangs sem sveitarstjórn ákveður, í samráði við heilbrigðisnefnd. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar og skulu húsráðendur halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda leið að þeim greiðfærum á söfnunardögum. Borgarbyggð leggur til sorpílát þar sem sorp er sótt að húsum.

3. gr.

Í almenn sorpílát við heimili má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs sbr. 2. gr. Ekki má setja í þau mold, möl, grjót, byggingarárgang, garðárgang, málma, timbur, landbúnaðarplast o.p.h. Spilliefni og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát né heldur lyf. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla sorpið eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla sorpílátin ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Móttaka á úrgangi sem ekki er heimilt að setja í sorpílát er á gámastöð við Sólbakka þar sem rekin er móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang. Auk þess eru gámar víðsvegar í sveitarfélaginu er taka málm- og timburúrgang.

5. gr.

Tíðni sorphreinsunar skal vera háð ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni. Ákvörðun um tíðni sorphreinsunar skal tilkynnt íbúum sveitarfélagsins með hæfilegum fyrirvara. Æski húsráðendur að sorp verði fjarlægt oftar bera þeir sjálfir kostnað af slíkum hreinsunum.

Nr. 295

16. mars 2007

6. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða sorp á víðavangi, götum, gangstígum, lóðum eða fjörum í sveitarféluginu eða skilja þar eftir númerlausa bíla, vélar og önnur tæki.

7. gr.

Bæjarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er bæjarstjórn heimilt að innheimta sorp-hirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Heimilt er að haga gjaldskrá-flokkum eftir þjónustustigi. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu, umsýslu og eftirlit með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, lögbýli, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu.

Bæjarstjórn er heimilt að setja upp gjaldskrárflokka sem taka mið af mismunandi þjónustu og kostnaði fyrir húsráðanda, með það að markmiði að draga úr magni og umfangi úrgangs sem fer til urðunar.

Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs í sveitarféluginu skulu þeir koma slíkri kvörtun á framfæri til sveitarfélagsins.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og 24. gr. laga nr. 55/2003 um meðferð úrgangs.

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 544/2000 um söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð og samþykkt nr. 302/2000 um sorphirðu í Borgarfjarðarsveit.

Umhverfisráðuneytinu, 16. mars 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2007